

ÚRSKURÐUR
ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA

MÁL NR. 2/2021

Kæra Nordic Car Rental ehf. á ákvörðun Neytendastofu nr. 66/2020 frá 22. desember 2020.

1. Þann 19. október 2021 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 2/2021: Kæra Nordic Car Rental ehf. á ákvörðun Neytendastofu nr. 66/2020 frá 22. desember 2020. Í málinu úrskurða Halldóra Þorsteinsdóttir, Áslaug Árnadóttir og Gunnar Páll Baldvinsson.
2. Með kærui, dags. 19. janúar 2021, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála þá ákvörðun Neytendastofu að kærandi hafi með notkun auðkennisins NORDIC CAMPERS í markaðssetningu og auglýsingum sínum og með skráningu og notkun lénanna nordiccampers.net og nordiccampersiceland.com brotið gegn ákvæðum 2. másl. 15. gr. a. sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Með ákvörðuninni var kæranda með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. sömu laga bönnuð notkun auðkennisins. Kærandi krefst að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.
3. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum.

MÁLAVEXTIR

4. Eins og fram kemur í hinni kærðu ákvörðun barst Neytendastofu erindi Nordic Campers ehf. og norska fyrirtækisins Nordic Campers AS með bréfi, dags. 31. mars 2020. Í erindinu var kvartað yfir notkun kæranda á vernduðu vörumerki, auðkenni og firmanafni félaganna, NORDIC CAMPERS. Var þess krafist að kæranda yrði bönnuð notkun á auðkenninu í allri atvinnustarfsemi sinni, enda væri notkunin ekki eingöngu brot gegn vörumerkjarétti laga nr. 45/1997, brot gegn 10. gr. laga nr. 42/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, heldur einnig gegn lögum nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.
5. Í erindinu kom fram að umrætt vörumerki hefði verið notað samfelld síðan í febrúar 2013 þegar norska fyrirtækið var stofnað og birst almenningi á svipuðum tíma, en auglýsingaherferð til að kynna starfsemi fyrirtækjanna hefði hafist sumarið 2013. Þá hefði norska félagið rekið bílaleigu og ferðapjónustufyrirtæki frá árinu 2013 í Noregi en það hefði einnig verið að færa starfsemi til Svíþjóðar, Danmerkur og Íslands. Fyrirtækin hefðu haft heimasíðurnar nordiccampers.com, nordiccampers.no, nordiccampers.se og nordiccampers.dk frá árinu 2013 og verið samfelld með fréttir, tilboð og annað tengt starfseminni þar. Félögin væru með sína eigin Facebook síðu og Instagram síðu undir heitinu NORDIC CAMPERS. Vörumerkið hefði verið á markaði í mörg

ár og sköpuð hafi verið viðskiptavild og traust í huga neytenda sem hygðust ferðast um Norðurlöndin. Þá hefðu félögin sótt um skráningu orð- og myndmerkisins þann 15. ágúst 2018 hjá Hugverkastofunni og væru með orð- og myndmerkið NORDIC CAMPERS skráð sem verndað vörumerki. Loks ættu félögin firmanafnið NORDIC CAMPERS og væri það skráð í fyrirtækjaskrá.

6. Í erindinu kom fram að félögunum tveimur hefðu borist kvartanir frá neytendum sem hefðu fengið lélega þjónustu hjá fyrirtæki sem talið var vera tengt kæranda. Þá teldu fyrirtækin að rekja mætti minnkandi viðskipti við tilkomu kæranda á markaðinn. Bent var á að kærandi hefði skráð lénin nordiccampers.net, sem sé léna ending sem fæstir nota, og svo seinna meir einnig lénið nordiccampersiceland.com.
7. Í kjölfar þessa hefðu forsvarsmenn Nordic Camper ehf. og norska fyrirtækisins Nordic Campers AS átt í samskiptum við kæranda sem lengi hefði reynt að komast hjá því að halda fund um málið. Kærandi hefði loks samþykkt að hætta að nota auðkennið NORDIC CAMPERS í tölvubréfi, dags. 17. júní 2019. Aldrei hefði á hinn bóginn verið ritað undir samning þessa efnis sem útbúinn hefði verið af hálfu Nordic Camper ehf. og Nordic Campers AS. Áskorunum fyrirtækjanna hefði síðar ekki verið svarað.
8. Í erindinu var vísað til 4. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki og 5. gr., 8. gr., 12. gr., 13. gr., 14. gr., og einkum 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Ekki yrði annað séð en að tilgangur kæranda hefði verið að villa um fyrir neytendum og þá sér í lagi hvað varðaði raunverulegan rekstraraðila leigunnar og stunda þannig óréttmæta viðskiptahætti eins og að merkja bíla sína NORDIC CAMPERS.
9. Í erindinu var rakið að ákvæði 15. gr. a. laganna, ásamt ýmsum ákvæðum auðkennaréttarins væri ætlað að koma í veg fyrir að aðrir en réttthafi auðkennis gæti notið þeirrar viðskiptavildar sem auðkennið hefði að geyma. Með notkun á auðkenni rétthafa eða auðkenni sem líktist auðkenni hans, gæti keppinautur óverðskuldað fengið hlut af markaði rétthafa eða jafnvel komið slæmu orði á auðkenni hans þannig að viðskiptavild auðkennisins skertist. Því hefði verið haldið fram í ákvörðun samkeppnisráðs að almennur skilningur væri meðal fræðimanna í samkeppnisrétti að ekki þyrfti ásetning til að um brot á 15. gr. a. sé að ræða heldur væri frekar tilhneiging til að líta svo á að um nánast hlutlæga ábyrgð gæti verið að ræða. Þannig fælust í raun tvær reglur í ákvæðinu, annars vegar bann við því að nota auðkenni annarra en hins vegar bann við því að nota eigin auðkenni þannig að því yrði ruglað saman við auðkenni annarra. Hægt væri að flokka reglur ákvæðisins í þrennt, að notkun á auðkenni í atvinnustarfsemi sem notandi hefði ekki rétt til væri óheimil, að reka atvinnu undir nafni sem gæfi villandi upplýsingar væri óheimilt og að bannað væri að nota auðkenni á þann hátt að leitt gæti til þess að villst yrði á því og öðru auðkenni. Þá lögju sjónarmið á sviði bæði samkeppnis- og neytendaréttar að baki ákvæðinu. Samkeppnisréttarrökin væru tvíþætt. Annars vegar gæti misnotkun á auðkennum hindrað eðlilega samkeppni en hins vegar væri notkun auðkenna keppinautar, eða líkra auðkenna, óréttmæt gagnvart keppinautum og gæti verið skaðleg rétthafa

auðkenna. Neytendaréttarsjónarmiðin væru aftur á móti þau að misnotkun auðkenna gæti leitt til þess að neytendur villtust á vöru og gæti ekki treyst á hvaða atvinnurekandi standi að baki auðkenni.

10. Í erindinu var einnig vísað til úrskurðar áfrýjunarnefndar neytendamála frá 8. maí 2007 (1/2007) og tekið fram að þar segði meðal annars að í norrænni réttarframkvæmd hefði við mat á ruglingshættu milli tveggja firmanafna verið litið til þess hvort fyrirtæki störfuðu á sama markaði og hvort þau beindu vöru eða þjónustu að sama markhópi. Almenn venja hefði skapast hjá Neytendastofu að líta til þess hvort firmanöfn hefðu verið skráð í fyrirtækjaskrá. Skráning firmanafns skipti þar máli þar sem hún segði til um hvort og þá hvenær félagið skráði firmanafn sitt. Skráning gæti veitt einkarétt til firmanafnsins en lagaverndin væri fólgin í því að ekki væri um almennt heiti að ræða sem væri lýsandi fyrir þær vörur og þjónustu sem væru í boði. Samkvæmt 10. gr. laga nr. 42/1903 mætti ekki líkja eftir skrásettu firma svo sem kærandi gerði með notkun á auðkenninu NORDIC CAMPERS.
11. Í erindinu kom fram að fyrirtækin tvö teldu að af samanburði auðkennanna sem málið varðaði væri ljóst að um væri að ræða sama auðkenni og verndað vörumerki og firmanafn þeirra. Væri þar vísað til lénsins nordiccampers.net, og sérstaklega lénsins nordiccampersiceland.com, þar sem kærandi þættist vera útibú af Nordic Campers á Íslandi, notkunar kæranda á auðkenninu Nordic Campers í auglýsingum, á facebook, á google, á netinu og á bílum sem kærandi leigði út. Sjón- og hljóðlíking auðkennanna væri algjör og ruglingshætta mjög mikil.
12. Einsýnt væri að verulegar líkur væru á að sá sem þekkti til heimasíðnanna eða annarra rafrænna aðganga villist inn á heimasíðu eða aðra rafræna aðganga annars fyrirtækis en þess sem ætlunin væri að heimsækja. Þá væri um sama lénanafn að ræða hjá báðum málsaðilum fyrir utan það að ending væri öðruvísi hjá kæranda. Með því væri verið að brjóta ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 sem Neytendastofa hefði ítrekað staðfest, sbr. ákvörðun Neytendastofu nr. 5/2006. Þá væru fyrirtækin starfandi á skyldum mörkuðum, þ.e. bílaleigu og ferðaþjónustu. Þar að auki væru gerðar minni kröfur til skyldleika starfsemi aðila þegar auðkenni þeirra væri hið sama. Með notkun auðkennisins NORDIC CAMPERS væri kærandi að nýta sér góða viðskiptavild Nordic Campers ehf. sem fyrirtækið hefði byggt upp með áralangri starfsemi sinni.
13. Í erindinu var gerð sú krafa að Neytendastofa ákvarðaði að kæranda yrði bannað að nota hið verndaða auðkenni NORDIC CAMPERS á allan hátt í atvinnustarfsemi sinni og afskrá lénið nordiccampers.net hjá ISNIC ásamt því að afskrá lénið nordiccampersiceland.com. Notkun kæranda á auðkenninu hefði orðið félögunum tveimur til mikil tjóns. Samsteypan hefði skapað sér ríkan sess á Norðurlöndunum og ætlað sér að stækka við sig starfsemina á íslenskum markaði með leigu á hágæða bílum og með því að veita hágæða þjónustu. Kærandi hafi leigt út bíla af mjög lökum gæðum og sætt mikilli gagnrýni vegna þeirrar þjónustu á stærstu bókunarsíðu í heimi, TripAdvisor, og reyni að notfæra sér viðskiptavild og orðspor Nordic Campers AS sem sé byggt á áralangri vinnu félagsins. Því telji fyrirtækin tvö sig hafa gríðarlega

mikilla hagsmuna að gæta að koma í veg fyrir að kærandi misnoti vörumerki sitt og viðskiptavild eins og hann hafi gert að undanfögnu.

14. Fyrirtækin létu í erindinu þá afstöðu í ljós að notkun kæranda á auðkenninu NORDIC CAMPERS bryti gegn 15. gr. a. laga nr. 57/2005, auk þess sem af vörumerkjarétti þess leiddi að aðrir mættu ekki nota heimildarlaust vörumerkin NORDIC CAMPERS eða lík merki ef notkunin tæki til eins eða svipaðrar vöru eða þjónustu og hætta væri á ruglingi, sbr. 1. og 2. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 45/1997. Fyrirtækin vísuðu í þessu samhengi jafnframt til 8. gr. laga nr. 57/2005. Ljóst væri að notkun kæranda á auðkenninu NORDIC CAMPERS væri óheimil og óréttmæt. Hún væri villandi og ósanngjörn gagnvart neytendum og bryti gegn eignarétti á vörumerkinu, auðkenninu og firmanafninu NORDIC CAMPERS.
15. Erindið var sent kæranda til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 20. apríl 2020. Svar barst með bréfi, dags. 25. maí 2020, þar sem fram kom að kærandi krefðist þess að öllum kröfum Nordic Campers AS og Nordic Campers ehf. yrði hafnað.
16. Í bréfi kæranda var á það bent að við meðferð málsins hjá stofnuninni skipti máli að horfa til þess að félagið hefði ótímabundið leyfi Samgöngustofu til reksturs bílaleigu. Fyrsti bíllinn sem leigður hefði verið út undir auðkenninu NORDIC CAMPERS hefði verið þann 21. september 2017 og hefði kærandi leigt út 2.689 bíla undir því vörumerki. Þá hefði félagið stofnað Facebook-síðu Nordic Campers þann 26. september 2017. Samgöngustofu hafi verið tilkynnt skriflega um NORDIC CAMPERS sem hjáheiti, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 65/2015 um rekstur leigu skráningarskyldra ökutækja, þann 20. nóvember 2018. Nordic Campers AS hafi sótt um skráningu orð- og myndmerkis Nordic Campers með mynd hjá Einkaleyfisstofunni þann 29. júní 2018 og merkið verið skráð þann 31. júlí 2018. Nordic Campers AS hafi svo sótt um skráningu orðmerkisins Nordic Campers hjá Einkaleyfisstofunni þann 15. ágúst 2018 og merkið verið skráð þann 31. ágúst 2018.
17. Þá hafi heiti félagsins J&J Froes ehf. verið breytt í Nordic Campers ehf. þann 15. desember 2018 og félagið fengið úthlutað virðisaukaskattsnúmeri þann 27. febrúar 2019. Lénið nordiccampers.is hafi svo verið skráð þann 12. apríl 2020. Hvorki Nordic Campers AS né Nordic Campers ehf. hafi leyfi Samgöngustofu til reksturs bílaleigu skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 65/2015, hvorki undir heitinu Nordic Campers né nokkru öðru heiti og hvorugt félagið eigi einn bíl sem skráður sé á ökutækjaskrá á Íslandi.
18. Í bréfi kæranda komu fram þrjár málsástæður. Í fyrsta lagi að kröfur Nordic Campers ehf. og Nordic Campers AS féllu ekki undir lögsögu Neytendastofu eins og hún væri skilgreind í lögum og því bæri að hafna þeim af þeim sökum. Verksvið Neytendastofu væri skilgreint í 2. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. skyldi Neytendastofa annast framkvæmd laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gegnsæi markaðarins og laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, svo sem nánar væri kveðið á um í lögum um það efni. Neytendastofa gæti því einungis látið sig varða álitamál um vörumerkjarétt, firmaheiti og

annað sem Nordic Campers ehf. og Nordic Campers AS bæru fyrir sig að því marki sem brot gegn slíkum rétti eða nýting auðkennis fæli í sér brot gegn ákvæðum laga nr. 57/2005.

19. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 57/2005 tækju lögin til samninga, skilmála og athafna sem hafa eða ætlað sé að hafi áhrif hér á landi. Eðli máls samkvæmt væru þau áhrif sem ákvæðið vísaði til einungis þau sem fælu í sér brot gegn fyrirmælum laganna. Kærandi teldi þau áhrif, sem Nordic Campers ehf. og Nordic Campers AS haldi fram að ætluð ólöglegt háttsemi félagsins hafi á réttindi og hagsmuni fyrirtækjanna og raunverulegra eða mögulegra viðskiptavina þeirra, geti ekki komið fram annars staðar en á starfssvæði þess félags. Fyrirtækin tvö hafi enga bílaleigustarfssemi með höndum á Íslandi heldur eingöngu erlendis. Markaðssvæði þess félags sé hluti af meginlandi Evrópu. Því geti ætluð áhrif á starfsemi Nordic Campers ehf. og Nordic Campers AS og viðskiptavini þeirra eðli málsins samkvæmt ekki hafa komið fram hérlendis. Af þessum sökum geti háttsemi kæranda með engu móti haft áhrif, hérlendis eða erlendis, á hagsmuni Nordic Campers ehf. og Nordic Campers AS.
20. Önnur málsástæða kæranda var sú að kærandi ætti allan vörumerkjarétt tengdan orðmerkinu NORDIC CAMPERS. Samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 45/1997 gæti vörumerkjaréttur stofnast með notkun vörumerkis sem hefði verið notað hér á landi fyrir vöru eða þjónustu. Vörumerkjaréttur samkvæmt ákvæðinu stofnaðist við fyrstu notkun. Ekki væri gerð krafa um neina sérstaka festu eða útbreiðslu í því sambandi. Þegar vörumerkjaréttur hefði stofnast fyrir notkun nyti hann sömu réttarverndar og vörumerkjaréttur sem byggði á skráningu.
21. Kærandi benti á að í september árið 2017 hefði félagið leigt út fyrsta bílinn undir nafninu Nordic Campers og stofnað Facebook síðu Nordic Campers til markaðssetningar á húsbílaleigu félagsins hérlendis. Við þetta hefði kærandi öðlast allan rétt til orðmerkisins NORDIC CAMPERS á Íslandi. Kærandi hefði síðan um langt skeið nýtt vörumerkið við útleigu mikils fjölda húsbíla. Af því leiddi að skráning Nordic Campers ehf. og Nordic Campers AS á vörumerkinu hjá Hugverkastofunni, bæði sem orðmerki og myndmerki, færi í bága við eldri vörumerkjarétt félagsins. Kærandi teldi skráningu á léninu nordiccampers.is fyrr á þessu ári einnig fara í bága við vörumerkjarétt þess. Félagið hefði undirbúið höfðun dómsmáls vegna þessa á grundvelli 29. gr. laga nr. 45/1997 í þeim tilgangi að fá skráningu þess félags á vörumerkinu NORDIC CAMPERS fellda úr gildi. Jafnframt ætlaði kærandi að gera kröfu til hlutafélagaskrár um að Nordic Campers ehf. og Nordic Campers AS yrði gert að skipta um heiti þar sem notkun þess á heitinu færi í bága við vörumerkjarétt kæranda. Loks myndi kærandi fara fram á það við ISNIC að Hilmar Egill Jónsson yrði afskráður sem eigandi lénsins nordiccampers.is og kærandi skráður sem réttihafi þess.
22. Þriðja málsástæða kæranda var sú að ekkert í notkun félagsins á auðkenninu NORDIC CAMPERS færi í bága við ákvæði laga nr. 57/2005. Kærandi teldi ekki útilokað að nýting vörumerkjaréttar gæti farið í bága við ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005, þó svo að vörumerkjarétturinn sem slíkur væri ekki umdeildur. Það ætti á hinn bóginn ekki við í málinu. Kærandi teldi að Nordic Campers ehf. og Nordic Campers AS ættu í fyrsta lagi engan rétt til

notkunar auðkennisins NORDIC CAMPERS á Íslandi, hvorki sem fyrirtækjaheitis né vörumerkis. Kærandi hefði heldur með engu móti skapað ruglingshættu eða mögulegar ranghugmyndir með notkun sinni á vörumerkinu. Kærandi hefði aðeins hagnýtt sér auðkennið NORDIC CAMPERS í markaðssetningu á bílaleigu sinni sem eingöngu starfaði á Íslandi, þar sem Nordic Campers ehf. og Nordic Campers AS hefði ekki slíka starfsemi með höndum. Notkun kæranda á auðkenninu hefði því hvorki verið til þess fallin að villa um fyrir neytendum, skaða hagsmuni þeirra á annan hátt né skaða neina hagsmuni Nordic Campers ehf. og Nordic Campers AS sem njóti verndar laga nr. 57/2005.

23. Kærandi teldi erfitt að sjá hvað vekti fyrir Nordic Campers ehf. og Nordic Campers AS með erindinu annað en að styrkja stöðu þeirra í tengslum við skaðabótakröfur á hendur kæranda. Nordic Campers ehf. og Nordic Campers AS reki ekki bílaleigu á Íslandi og hafi ekki til þess leyfi. Fyrirtækin hafi ekki lýst neinum skýrum áformum um að hefja bílaleigustarfsemi hérlendis, sýnt fram á burði til þess eða lýst því hvernig þau uppfylli skilyrði þess að stunda slíka starfsemi. Þá hafi fyrirtækin tvö algerlega skautað framhjá því að erlendar heimasíður og Facebook síður Nordic Campers AS og Nordic Campers ehf. beri glögg með sér að markaður þeirra sé ekki Ísland, rétt eins og allar síður kæranda beri og hafi alltaf borið það með sér að eina markaðssvæðið sé Ísland og eigandi síðanna sé Nordic Car Rental en ekki Nordic Campers ehf. eða Nordic Campers AS. Kærandi teldi einsýnt, í ljósi alls sem fram hefði komið, að hafna bæri kröfum Nordic Campers ehf. og Nordic Campers AS.
24. Bréf kæranda var sent Nordic Campers ehf. og Nordic Campers AS til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 27. maí 2020. Neytendastofa vísaði jafnframt til þess að fram kæmi í bréfi kæranda að fyrirtækið stefndi á aðgerðir gagnvart Nordic Campers ehf. og Nordic Campers AS vegna auðkennisins NORDIC CAMPERS. Af því tilefni vildi Neytendastofa vekja athygli á að yrði mál tekið til meðferðar Hugverkastofunnar eða fyrir dómstólum kæmi til álita að vísa málinu frá Neytendastofu á meðan að mál væri rekið enda gætu niðurstöður Hugverkastofunnar og dómstóla um rétt til vörumerkja haft áhrif við mat á broti gegn 15. gr. a. laga nr. 57/2005.
25. Í umsögn Nordic Campers ehf. og Nordic Campers AS kom fram að fyrir lægi að fyrirtækin hefðu ótvíræðan einkarétt til notkunar vörumerkisins, auðkennisins og firmanafnsins NORDIC CAMPERS, enda lögmætir og skráðir eigendur þess, bæði hjá Firmaskrá og Einkaleyfisstofunni. Allt tal um mögulega málshöfðun hafi ekkert með framvindu þessa máls að gera enda sé eingöngu um enn eina tilraun kæranda til að reyna að tefja Nordic Campers ehf. og Nordic Campers AS í að fá staðfestingu á því sem liggja í augum uppi og sé viðurkennt í bréfi kæranda þann 25. maí 2020.
26. Kærandi hafi ekki tilkynnt til Samgöngustofu NORDIC CAMPERS sem hjáheiti, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 65/2015 fyrr en 30. nóvember 2018. Nordic Campers ehf. og Nordic Campers AS hafi fengið skráð orð- og myndmerki NORDIC CAMPERS þann 31. júlí 2018 hjá Einkaleyfisstofunni ásamt því að hafa einnig fengið skráð orðmerkið NORDIC CAMPERS 31. ágúst 2018. Félögin telji kæranda hafa verið ljóst, þegar fyrirtækið tilkynnti Samgöngustofu um

hjáheiti, að félögin hefðu þá þegar fengið skráð vörumerkið NORDIC CAMPERS þremur til fjórum mánuðum áður. Um einbeittan brotavilja sé að ræða gagnvart ákvæðum laga nr. 57/2005.

27. Þá hafi kærandi ekki vikið að tölvubréfi, sem fylgdi með erindi fyrirtækjanna tveggja, frá forsvarsmanni kæranda þar sem hann viðurkenni og samþykki að hætta notkun á auðkenni og vörumerki félaganna enda hafi komið fram á fundi með forsvarsmanninum að hann hafi vitað að verið væri að nýta sér vörumerki félaganna. Nordic Campers ehf. og Nordic Campers AS telji að allt tal um að kvörtun þeirra falli ekki innan lögsögu Neytendastofu falli um sjálf sig ef skoðuð séu lög nr. 57/2005, ákvarðanir Neytendastofu í gegnum tíðina ásamt erindi félaganna.
28. Fyrirtækin tvö hafi ávallt litið á markaðssvæði sín sem Norðurlöndin og auglýst sig á þann hátt enda skauti kærandi framhjá því að augljóst sé að hann hafi verið meðvitaður um tilvist Nordic Campers ehf. og Nordic Campers AS þegar hann hafi valið sín lén og ákveðið að nýta sér fyrirmyndar orðspor fyrirtækjanna. Hafi félögin þá átt heimasíðurnar www.nordiccampers.com, www.nordiccampers.is, www.nordiccampers.no, www.nordiccampers.se og www.nordiccampers.dk.
29. Orðið Nordic í auðkenni félaganna þýði norrænt, sem taki yfir öll Norðurlöndin. Með fríverslunarsamningi milli EFTA-ríkjanna innan EES og Evrópusambandsins, sem öðlaðist gildi 1. janúar 1994, hafi verið myndað eitt, óskipt og sameiginlegt markaðssvæði/efnahagssvæði innan Evrópu, hinn svokallaði innri markaður. Norðurlöndin hafi verið með sérstaka samvinnu er varði sameiginlegt markaðssvæði sín á milli og því sé það fjarstæðukennt og standist enga nánari skoðun að reyna að halda því fram að aðilar séu ekki á sama markaðssvæði.
30. Í sinni einfölduðustu mynd fjalli þetta mál um skýrt brot á vörumerkjarétti, firmaheiti og öðru, sem ítarlega sé farið yfir í erindi Nordic Campers ehf. og Nordic Campers AS. Til að sýna á sem einfaldastan hátt að rök kæranda standist ekki nánari skoðun megi benda á það tilbúna dæmi að ef einhver myndi opna matsölustað á Íslandi undir nafninu McDonalds þá væri það klárt brot á lögum nr. 57/2005 þar sem verið væri að brjóta á vernduðum vörumerkjarétti McDonalds þó alvöru McDonalds væri ekki búíð að setja upp matsölustað á Íslandi. Um væri að ræða sama markaðssvæði og nyti McDonalds því verndar laga nr. 57/2005.
31. Af framangreindu og með vísun í greinargerð félaganna sé ljóst að notkun kæranda á vörumerki, auðkenni og firmanafni Nordic Campers ehf. og Nordic Campers AS sé óheimil og óréttmæt. Hún sé villandi og ósanngjörn gagnvart neytendum og brjóti gegn eignarétti á vörumerkinu, auðkenninu og firmanafninu NORDIC CAMPERS og lögum nr. 57/2005. Félögin krefjast þess að Neytendastofa banni kæranda þá þegar alla notkun á auðkenninu NORDIC CAMPERS í allri sinni starfsemi og að félaginu verði gert að afskrá lén sín, nordiccampers.net og nordiccampersiceland.com og eyða öllum reikningum á samfélagsmiðlum þar sem auðkennið

NORDIC CAMPERS komi fram. Þá verði lagðar á sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005 þangað til farið verði að banninu.

32. Bréf Nordic Campers ehf. og Nordic Campers AS var sent kæranda til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 22. júní 2020. Neytendastofa barst tilkynning frá kæranda, dags. 30. ágúst 2020, þar sem fram kom að félagið teldi ekki tilefni til frekari athugasemda án þess þó að í því fælist að félagið féllist á málaltilbúnað Nordic Campers ehf. og Nordic Campers AS.
33. Bréf kæranda var sent Nordic Campers ehf. og Nordic Campers AS með bréfi Neytendastofu, dags. 1. september 2020, og var aðilum máls tilkynnt að gagnaöflun málsins væri lokið og málið yrði tekið til ákvörðunar Neytendastofu.

ÁKVÖRÐUN NEYTENDASTOFU

34. Í niðurstöðukafla hinnar kærðu ákvörðunar eru helstu ákvæði sem á reynir í málinu rakin. Þá er rakið að réttur til vörumerkis geti stofnast annars vegar fyrir skráningu og hins vegar fyrir notkun. Meginreglan sé sú að eigandi merkis öðlist einkarétt til auðkennisins og sé öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað auðkenni sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 sé einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið. Við mat á ruglingshættu sé litið til þess hvort málsaðilar séu í samkeppni og hvort þeir séu á sama markaðssvæði. Þá skipti máli hversu lík viðkomandi auðkenni séu, en þau líkindi hafi síðan áhrif á það hversu skyld starfsemi aðilanna megi vera án þess að teljast skapa ruglingshættu. Til þess að njóta einkaréttar verði vörumerkið að vera þess eðlis að það geti aðgreint eiganda vörumerkis eða vöru hans eða þjónustu frá keppinautum og takmarkist verndin því að jafnaði við að vörumerkið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem aðili og keppinautar hans bjóði.
35. Í hinni kærðu ákvörðun er rakið að báðir aðilar starfi við ferðaþjónustu, n.t.t. við útleigu bifreiða, svo markhópur aðila sé hinn sami. Starfsemi Nordic Campers ehf. og Nordic Campers AS virðist að mestu leyti fara fram í Noregi, Danmörku og Svíþjóð, en starfsemi kæranda einskorðist við Ísland. Þrátt fyrir að starfsemi Nordic Campers ehf. og Nordic Campers AS sé að mestu leyti erlendis enn sem komið er verði að horfa til þess að viðskiptavinir bílaleiga séu að stórum hluta erlendir ferðamenn og samningagerð bílaleiga fari almennt að miklu ef ekki að mestu leyti fram á Internetinu og sem viðskipti yfir landamæri. Verði ekki framhjá því litið að Ísland sé aðili að EES-samningnum og þar með hinu fjórþætta frelsi og innri markaðnum. Markaðssvæði aðila málsins verði því ekki einskorðuð við landshluta eða landssvæði.
36. Í málinu liggja fyrir að Nordic Campers AS sé skráð félag í Noregi, stofnað árið 2013 og Nordic Campers ehf. hafi verið stofnað hér á landi árið 1993. Síðarnefnda félagið hafi upphaflega verið stofnað undir öðru nafni en núverandi nafn hafi verið tekið upp árið 2018. Eigi félagið Nordic Campers AS skráð vörumerkið NORDIC CAMPERS sem orðmerki og sem orð- og myndmerki hjá Hugverkastofunni, sbr. skráningar V0109481 og V0109973, bæði í vöru- og þjónustuflokk

nr. 39 (bílaleiga og ferðaþjónusta) frá árinu 2018. Þá eigi félagið skráð lénid www.nordiccampers.is frá 12. apríl 2020 hjá ISNIC auk þess sem það eigi skráð lénin nordiccampers.com, nordiccampers.no, nordiccampers.se og nordiccampers.dk.

37. Fyrir liggir að kærandi hafi ótímabundið leyfi Samgöngustofu til reksturs bílaleigu, en fram sé komið að þann 21. september 2017 hafi fyrsti bíllinn verið leigður út undir auðkenninu NORDIC CAMPERS. Kærandi hafi stofnað Facebook-síðu sína undir heitinu NORDIC CAMPERS þann 26. september 2017 og tilkynnt Samgöngustofu skriflega um heitið sem hjáheiti, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 65/2015, þann 20. nóvember 2018. Þá eigi félagið skráð lénin nordiccarrentalcampers.is, nordiccampers.net og nordiccampersiceland.com. Neytendastofa telji skráningu hjáheitis hjá Samgöngustofu ekki geta myndað rétt til auðkennis en að hafði hliðsjón af því að kærandi hafi notast við auðkennið í starfsemi sinni frá árinu 2017 og skráningum og notkun Nordic Campers ehf. og Nordic Campers AS á auðkenninu telji Neytendastofa báða aðila eiga rétt til auðkenna sinna þannig að 2. málslíð 15. gr. a. laga nr. 57/2005 komi til álita í málinu.
38. Auðkennið sem málið lúti að samanstandi af tveimur enskum orðum, annars vegar „Nordic“, sem þýði skv. íslenskri orðabók norrænn, og hins vegar „Camper“, sem þýði húsbíll. Þrátt fyrir að um almenn orð sé að ræða telji Neytendastofa hið samsetta auðkenni í tengslum við bílaleigu hvorki vera almennt né lýsandi og ekki hluta af almennri málvenju neytenda þegar átt sé við bílaleigur og þá þjónustu sem þær bjóða. Því geti auðkennið talist nægilega sérkennandi til þess að geta notið verndar skv. 15. gr. a. laga nr. 57/2005.
39. Neytendastofa telji að líta verði til þess að félögin bjóði sömu þjónustu, þó Nordic Campers ehf. og Nordic Campers AS hafi ekki hafið útleigu bílaleigubifreiða hér á landi. Eðli þjónustunnar og hvernig til viðskipta sé stofnað hafi því að mati Neytendastofu rík áhrif í málinu og leiði til ruglingshættu og hættu á að neytendur telji sig ranglega eiga viðskipti við Nordic Campers ehf. og Nordic Campers AS, þrátt fyrir að aðilar séu ekki keppinautar hér á landi.
40. Líkindi auðkennanna séu veruleg þar sem um sé að ræða sömu tvö orðin í sömu röð. Þau líkindi eigi að mati stofnunarinnar þó ekki við um lénnafnið nordiccarrentalcampers.com enda sé þar um að ræða firmaheiti kæranda en orðinu „campers“ bætt aftan við. Hvað lénnafnið nordiccampersiceland.com varði telji Neytendastofa það vera til þess fallið að tengja rekstraraðila síðunnar við Nordic Campers ehf. og Nordic Campers AS, en sem íslenskt útibú eða samstarfsaðila hins norræna félags.
41. Með vísan til alls þessa og gagna málsins var það mat Neytendastofu að notkun kæranda á auðkenninu NORDIC CAMPERS væri til þess fallin að valda ruglingshættu og brjóta þannig gegn 2. málslíð 15. gr. a., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005. Neytendastofa gæti ekki fallist á að notkunin fæli í sér brot gegn öðrum ákvæðum laganna. Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005 var kæranda bönnuð notkun auðkennisins NORDIC CAMPERS í starfsemi sinni.

RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU

42. Í kæru, dags. 19. janúar 2021, er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi. Kærandi hafnar því að hafa brotið gegn þeim ákvæðum laga sem hin kærða ákvörðun er byggð á og telur Neytendastofu hafa skýrt lagaákvæði rangt auk þess að heimfæra málsatvik ranglega til lagaákvæða. Þá telur kærandi Neytendastofu ekki leggja réttar staðhæfingar um staðreyndir til grundvallar ákvörðun sinni og hafa látið hjá líða að taka afstöðu til mikilvægra málsástæðna sinna. Um rökstuðning fyrir kæru sinni vísar kærandi til þeirra röksemda og gagna sem lögð voru fyrir Neytendastofu undir meðferð málsins hjá stofnuninni.
43. Með bréfi, dags. 8. febrúar 2021, óskaði áfrýjunarnefndin eftir afstöðu Neytendastofu til kærunnar. Svar barst með greinargerð, dags. 23. febrúar 2021. Þar er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest auk þess sem rakin eru almenn atriði um beitingu 15. gr. a. laga nr. 57/2005 og áréttuð ýmis atriði er fram komu í hinni kærðu ákvörðun. Fram kemur að aðilar málsins starfi við útleigu bifreiða í ferðapjónustu og að markhópur aðila sé sá sami. Starfsemi Nordic Campers ehf. og Nordic Campers AS virðist að mestu leyti enn sem komið er fara fram í Noregi, Danmörku og Svíþjóð en starfsemi kæranda einskorðist við Ísland. Þrátt fyrir að starfsemi Nordic Campers ehf. og Nordic Campers AS sé að mestu leyti erlendis enn sem komið er verði að horfa til þess að viðskiptavinir bílaleigu séu að stórum hluta erlendir ferðamenn og samningagerð bílaleiga fari að miklu, ef ekki að mestu leyti, fram á internetinu og sem viðskipti yfir landamæri. Þá verði ekki framhjá því litið að Ísland sé aðili að EES-samningnum og þar með hinu fjórþætta frelsi og innri markaðnum. Markaðssvæði aðila málsins sé því ekki einskorðað við lönd eða landshluta.
44. Rakinn er uppruni 15. gr. a. og bent á að ákvæðið veiti ákveðna viðbótarvernd við ákvæði vörumerkjalaga nr. 45/1997. Þar sem í málinu sé deilt um notkun á vörumerki og auðkenni verði það heimfært undir 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Neytendastofa fari með eftirlit með lögunum samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laganna. Það sé mat Neytendastofu að málsatvik hafi verið réttilega heimfærð til lagaákvæða og að stofnunin hafi verið til þess bært stjórnvald. Umrætt lagaákvæði innihaldi í reynd tvenns konar reglur, annars vegar bann við því að nota auðkenni sem viðkomandi hefur ekki rétt til, sbr. 1. málslíð ákvæðisins, en hins vegar bann við því að nota eigin auðkenni þannig að ruglingshætta skapist við einkenni annarra, sbr. 2. málslíð ákvæðisins. Í málinu liggi fyrir að Nordic Campers AS sé skráð félag í Noregi, stofnað árið 2013 og Nordic Campers ehf. hafi verið stofnað árið 1993 héraðs. Núverandi nafn hafi verið tekið upp árið 2018. Félagið Nordic Campers AS eigi skráð vörumerkið NORDIC CAMPERS sem orðmerki og sem orð- og myndmerki hjá Hugverkastofunni. Þá liggi fyrir að kærandi hafi ótímabundið leyfi Samgöngustofu til reksturs bílaleigu, en fyrsti bíllinn hefði verið leigður undir auðkenninu NORDIC CAMPERS þann 21. september 2017. Í ljósi þessa telji Neytendastofa að báðir aðilar eigi rétt til auðkenna sinna þannig að rétt hafi verið að beita ákvæði 2. málslíðar 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Þótt auðkennið sem málið varði innihaldi almenn orð sé um að ræða samsett auðkenni í tengslum við bílaleigu sem sé hvorki almennt né lýsandi.

Þá sé það ekki hluti af almennri málsvenju neytenda þegar rætt sé um bílaleigur og þá þjónustu sem þær bjóði. Því geti auðkennið talist nægilega sérkennandi til þess að geta notið verndar samkvæmt 15. gr. a. laga nr. 57/2005.

45. Með bréfi, dags. 17. mars 2021, var kæranda gefinn kostur á að gera athugasemdir við greinargerð Neytendastofu. Kærandi gerði slíkar athugasemdir með bréfi, dags. 15. maí 2021. Þar kemur fram að til þess að 2. málslíður 15. gr. a. laga nr. 57/2005 geti átt við um háttsemi hans, þurfi Neytendastofa að komast að þeirri niðurstöðu að bæði kærandi og Nordic Campers AS og Nordic Campers ehf. eigi rétt til auðkennisins NORDIC CAMPERS að vörumerkjarétti. Þessi niðurstaða Neytendastofu sé fráleit. Í 2. tölulið 1. mgr. 3. gr. laga um vörumerki nr. 45/1997 komi fram að vörumerkjaréttur geti stofnast með notkun vörumerkis sem sé og hafi verið notað á Íslandi fyrir vöru og þjónustu. Ekki sé um það deilt í málinu að kærandi hafi notað vörumerkið NORDIC CAMPERS í starfsemi sinni frá árinu 2017. Nordic Campers AS og Nordic Campers ehf. hafi skráð vörumerkið hjá Hugverkastofunni eftir að kærandi hafði notað það í starfsemi sinni um nokkurt skeið en hafa aldrei notað það í tengslum við bílaleigu á Íslandi.
46. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 45/1997 eigi eigandi vörumerkis einkarétt á notkun þess. Skráning Nordic Campers AS og Nordic Campers ehf. á vörumerkinu hafi því farið í bága við eldri vörumerkjarétt kæranda samkvæmt meginreglu 1. mgr. 7 gr. sömu laga og verði enginn réttur byggður á þeirri skráningu. Einu heimildina fyrir því að yngra vörumerki njóti verndar samhliða eldra vörumerki sé að finna í 8. og 9. gr. laga nr. 45/1997, en þau skilyrði sem þar komi fram fyrir slíkri samhliða vernd séu ótvírætt ekki uppfyllt eins og á standi í málinu. Því geti samhliða vernd ekki komið til álita. Það vekur enda athygli að hvorki í hinni kærðu ákvörðun né greinargerð Neytendastofu sé vikið að því hvernig samhliða réttur Nordic Campers AS og Nordic Campers ehf. til nýtingar vörumerkis kæranda eigi að hafa orðið til á grundvelli 8. og 9. gr. laga nr. 45/1997 og séu þau ákvæði ekki nefnd til sögunnar.
47. Þá bendir kærandi á að meðferð Neytendastofu á lögsöguákvæði 1. mgr. 2. gr. laga nr. 57/2005 feli í raun í sér afnám þeirrar reglu um landfræðilega afmörkun gildissviðs laganna sem þar komi fram. Skýring Neytendastofu á ákvæðinu sé ekki aðeins rúm heldur í beinni andstöðu við lagatextann. Þessa skýringu ákvæðisins leggi Neytendastofa til grundvallar íþyngjandi ákvörðun fyrir kæranda. Slíkt fái ekki staðist samkvæmt almennum viðurkenndum sjónarmiðum stjórnisýsluréttarins og lögætisreglu stjórnskipunarréttar.
48. Neytendastofa hafi einnig vísað til 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/2005 til stuðnings því að háttsemi kæranda falli innan gildissviðs laganna. Til að framangreint ákvæði eigi við þurfi að sýna fram á að þeirri háttsemi sé ætlað að hafa áhrif í aðildarríki EES-samningsins öðru en Íslandi. Með öðrum orðum þurfi ásetningur kæranda að hafa verið sá að láta áhrif ætlaðra brota hans á efnisreglum laga nr. 57/2005 koma fram annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu. Skýrt orðalag ákvæðisins feli í sér að það sé ekki nægjanlegt til að fella ætlað brot kæranda á lögnum að áhrifa þeirra hafi í raun gætt í aðildarríki EES-samningsins, heldur þurfi að sýna fram á að hið huglæga skilyrði um ásetning sé uppfyllt. Í ákvörðun sinni geri Neytendastofa engan reka

að því að sýna fram á slíkan ásetning, hvað þá að henni takist að sýna fram á hann. Þegar af þeirri ástæðu verði ákvörðunin, sem sé íþyngjandi fyrir kæranda, ekki staðfest með vísan til 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/2005.

NIÐURSTADA

49. Í máli þessu leitar kærandi endurskoðunar á þeirri ákvörðun Neytendastofu að kærandi hafi með notkun auðkennisins NORDIC CAMPERS í markaðssetningu og auglýsingum sínum og með skráningu og notkun lénanna nordiccampers.net og nordiccampersiceland.com brotið gegn 2. málslíð 15. gr. a. sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Með hinni kærðu ákvörðun var kæranda með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. sömu laga bönnuð notkun auðkennisins.
50. Ákvæði 5. gr. laga nr. 57/2005 felur í sér bann við óréttmætum viðskiptaháttum. Þar kemur fram að í III.-V. kafla laganna sé nánar tilgreint hvað teljist óréttmætir viðskiptahættir. Ákvæði 15. gr. a., sem mál þetta lýtur að, er að finna í V. kafla laganna. Í 15. gr. a. laga nr. 57/2005 felast tvær reglur. Regla 1. málslíðar 15. gr. a. leggur bann við því að aðili noti auðkenni sem hann hefur ekki rétt til, eða auðkenni annarra, en 2. málslíður leggur bann við því að nota eigin auðkenni þannig að ruglingshætta skapist við einkenni annarra. Í málinu deila kærandi annars vegar og félagin Nordic Campers AS og Nordic Campers ehf. hins vegar um það hvort kæranda hafi verið heimilt að nota auðkennið NORDIC CAMPERS orðrétt í markaðsstarfsemi sinni þótt síðarnefndu félagin hafi notað það í starfsemi sinni á öðrum Norðurlöndum og fengið skráð sem orð- og myndmerki hjá Hugverkastofunni. Ljóst er að hvoru tveggja Nordic Campers AS og kærandi hafa notað auðkennið í starfsemi sinni og teljast bæði fyrirtækin því hafa tilkall til auðkennisins í skilningi 2. málslíðar 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Þá er tilkall Nordic Campers ehf. byggt á skráningu auðkennisins í vörumerkjaskrá Hugverkastofunnar og telst það fyrirtæki því einnig eiga tilkall til auðkennisins í skilningi ákvæðisins.
51. Umrætt ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 má rekja allt aftur til laga um varnir gegn réttmætum verzlunarháttum nr. 84/1933, en núgildandi ákvæði er nánast orðrétt samhljóða 9. gr. laga nr. 84/1933. Af greinargerð með frumvarpi til þeirra laga verður ráðið að ákvæðinu hafi verið ætlað að vera til fyllingar 10. gr. laga um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð nr. 42/1903, þar sem m.a. kemur fram að firmu skuli greina glöggt frá hvert öðru og lagt bann við því að menn stæli skrásett firmu. Ákvæðið var því næst tekið upp í 30. gr. laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti nr. 56/1978 og þess getið í athugasemdum með frumvarpi til þeirra laga að vernd auðkenna samkvæmt firma- og vörumerkjalöggjöf næði ekki alltaf nógu langt. Því væri þörf á þeirri viðbótarvernd sem ákvæðinu væri ætlað að veita. Sama viðhorf kom fram við setningu samkeppnislaga nr. 8/1993, en ákvæðið var að finna í 25. gr. þeirra. Af þessu leiðir að 15. gr. a. laga nr. 57/2005 getur falið í sér ríkari vernd en leiðir af sérlögum með hliðsjón af samkeppnissjónarmiðum. Markmið ákvæðisins er hins vegar ekki aðeins að veita fyrirtækjum vernd í innbyrðis samkeppni þeirra, heldur ekki síður að koma í veg fyrir að villt verði um fyrir neytendum, sbr. m.a. dóm Hæstaréttar Íslands 28. febrúar 2013 í máli nr. 538/2012.

52. Aðilar málsins deila um það hvorir þeirra njóti verndar 15. gr. a. gagnvart notkun gagnaðila á auðkenninu NORDIC CAMPERS. Í framkvæmd áfrýjunarnefndarinnar hefur verið við það miðað að hafi skapast ruglingshætta samkvæmt 2. málslíð 15. gr. a. milli auðkenna ólíkra aðila sé það sá, sem skemur hefur átt rétt til síns auðkennis, sem teljist hafa brotið gegn ákvæðinu. Í ljósi þessa verður að taka afstöðu til þess hvort kærandi eða fyrirtækin Nordic Campers AS og Nordic Campers ehf. nutu fyrr réttar til auðkennisins NORDIC CAMPERS.
53. Eins og rakið hefur verið að framan mun starfsemi fyrirtækisins Nordic Campers AS hafa hafist árið 2013 í Noregi. Verður ekki annað ráðið af gögnum málsins en að til standi að fyrirtækið hefji einnig starfsemi í Svíþjóð, Danmörku og á Íslandi. Ekkert liggur á hinn bóginn fyrir um að fyrirtækið eða Nordic Campers ehf. reki eiginlega starfsemi í formi bílaleigu á Íslandi. Af hálfu kæranda er fram komið að fyrirtækið hafi þann 21. september 2017 byrjað að leigja út bíla undir auðkenninu NORDIC CAMPERS en fyrirtækin Nordic Campers AS og Nordic Campers ehf. munu ekki hafa skráð vörumerkið hjá Hugverkastofunni fyrr en þann 15. ágúst 2018. Er af þessum sökum ljóst að notkun kæranda á auðkenninu hófst áður en skráning þess af hálfu Nordic Campers AS og Nordic Campers ehf. átti sér stað. Verður sú skráning því ekki lögð til grundvallar þeirri niðurstöðu að kærandi hafi með notkun sinni brotið gegn 15. gr. a. laga nr. 57/2005.
54. Kemur þá til skoðunar hvort eldri notkun Nordic Campers AS á auðkenninu á öðrum Norðurlöndum en Íslandi leiði til þess að notkun kæranda á því héraendis teljist hafa skapað ruglingshættu milli starfsemi fyrirtækjanna. Það skal áréttað að mál þetta lýtur eingöngu að því hvort notkun kæranda á auðkenninu NORDIC CAMPERS brjóti gegn 15. gr. a. laga nr. 57/2005, en ekki um túlkun og beitingu einstakra ákvæða laga nr. 45/1997 um vörumerki, enda fer Hugverkastofan með eftirlitshlutverk samkvæmt þeim lögum og hvorki Neytendastofu né áfrýjunarnefndar neytendamála að skera úr um ætluð brot gegn þeim. Vísast um þetta m.a. til úrskurðar áfrýjunarnefndar neytendamála 5. mars 2010 (12/1009), 31. október 2012 (12/2012) og 24. mars 2015 (19/2014). Á hinn bóginn hefur löggjafinn eins og að framan greinir lagt til grundvallar að ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 veiti auðkennum viðbótarvernd umfram það sem fram komi í sérlögum eins og lögum nr. 45/1997. Þá er ljóst að Hæstiréttur Íslands hefur lagt til grundvallar í dómi sínum frá 28. febrúar 2013 í máli nr. 538/2012 að auðkenni sem ekki njóti verndar á grundvelli laga nr. 45/1997 um vörumerki kunni að njóta verndar 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Af þessum sökum er ljóst að við mat á því hvort auðkenni njóti verndar 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er unnt að hafa hliðsjón af ákvæðum sérlaga eins og lögum nr. 45/1997. Á hinn bóginn verður ekki án fyrirvara gagnályktað sem svo að auðkenni sem njóta ekki verndar samkvæmt þeim lögum njóti heldur ekki verndar samkvæmt 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Hefur það því í sjálfu sér ekki þýðingu þótt ákveðin óvissa sé uppi um það hvort notkun Nordic Campers AS á auðkenninu erlendis njóti verndar samkvæmt lögum nr. 45/1997, sbr. til hliðsjónar ákvæði 3. gr. og 3. töluliðar 14. gr. laga nr. 45/1997.

55. Kemur því til skoðunar hvort hætta hafi verið á að ruglast yrði á auðkenni kæranda og notkunar Nordic Campers AS á auðkenni fyrirtækisins í Noregi. Áfrýjunarnefndin fellst á það sem fram kemur í hinni kærðu ákvörðun að auðkenni aðila hafi nægjanlega sérgreiningareiginleika til að njóta verndar 15. gr. a. laga nr. 57/2005.
56. Við mat á því hvort ruglingshætta sé á milli auðkenna hefur áfrýjunarnefndin í framkvæmd sinni litið til þess hvort fyrirtæki starfi á sama markaði og hvort þau beini vöru eða þjónustu að sama markhópi, sbr. til dæmis úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála 15. febrúar 201 (20/2011) og frá 20. desember 2017 (4/2017). Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að aðilar bjóði sömu eða mjög sambærilega þjónustu til neytenda sem felst í útleigu á bílum sem unnt er að gista í til ferðamanna. Á hinn bóginn hefur áfrýjunarnefndin við mat á ruglingshættu samkvæmt 15. gr. a. laga nr. 57/2005 haft hliðsjón af því hvort starfsemi aðila væri á mörkuðum sem landfræðilega væru svo aðskildir að lítil hætta væri á að neytandi sem hygðist eiga viðskipti við tiltekið fyrirtæki myndi ruglast og leita til hins sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála frá 25. september 2014 (4/2014). Þegar kærandi hóf notkun á auðkenni sínu bauð Nordic Campers AS ekki til leigu bíla til ferðamanna á Íslandi heldur aðeins í Noregi. Telur áfrýjunarnefndin að þrátt fyrir að ferðaþjónustustarfsemi sé um margt boðin fram í alþjóðlegu umhverfi þá geti aðilar ekki á fyrrgreindu tímamarki hafa talist hafa starfað á sama markaði eða markaðssvæði eins og byggt er á í hinni kærðu ákvörðun. Er enda afar ólíklegt að ferðamaður sem hygðist leigja bíl til ferðamennsku í Noregi af Nordic Campers AS gæti fyrir mistök ákveðið að leigja þess í stað sams konar bíl á Íslandi frá kæranda. Að því marki sem kvörtun Nordic Campers AS og Nordic Campers ehf. laut að starfsemi síðarnefnda fyrirtækisins hér á landi er til þess að líta að engin gögn benda til þess að það fyrirtæki hafi hafið starfsemi í samkeppni við kæranda.
57. Með kvörtun sinni til Neytendastöfu lögðu Nordic Campers AS og Nordic Campers ehf. fram gögn sem eiga að sýna að viðskiptavinir kæranda hafi verið afar ósáttir með þá þjónustu sem kærandi býður. Áfrýjunarnefndin hefur viðurkennt að það sjónarmið kunni að hafa þýðingu við mat á ruglingshættu að notkun eins fyrirtækis á tilteknu auðkenni kunni að spilla þeirri viðskiptavild sem annað fyrirtæki hefur ánnið sér, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndarinnar frá 25. september 2014 (4/2014). Nordic Campers AS og Nordic Campers ehf. hafa lagt fram skjáskot af heimasíðunni TripAdvisor þar sem viðskiptavinir ferðaþjónustufyrirtækja geta m.a. tjáð sig um gæði þeirra þjónustu sem þeir hafa fengið. Af skjáskotinu má ráða að þegar það var tekið höfðu 17 viðskiptavinir kæranda tjáð sig um gæði þjónustu hans og að stór meirihluti þeirra taldi þjónustuna í lægsta gæðaflokki, þ.e. hræðilega eða „terrible“. Þá hafa Nordic Campers AS og Nordic Campers ehf. lagt fram skjáskot sem á að sýna að einn óánægðra viðskiptavina kæranda tjáði sig um þjónustu Nordic Campers AS á síðunni þótt umsögnin ætti sýnilega við um starfsemi kæranda.
58. Gögn þessi benda til að viðskiptavinir kæranda telji þjónustu hans ekki í háum gæðaflokki og að viss hætta sé á að viðskiptavild Nordic Campers AS og Nordic Campers ehf. kunni að bíða

hnekki vegna notkunar allra umræddra fyrirtækja á auðkenninu NORDIC CAMPERS í starfsemi sinni. Á hinn bóginn telur áfrýjunarnefndin að umfang umræddra gagna sé svo takmarkað að ekki verið dregnar einhlítar ályktanir um áhrif þeirrar orðsporsáhættu sem fylgir notkun kæranda á auðkenninu. Í því samhengi verður einnig litið til þess sem að framan greinir að leggja verði til grundvallar að fyrirtækin starfa enn sem komið er á landfræðilega mjög aðskildum mörkuðum.

59. Með vísan til alls framangreinds telst notkun kæranda á auðkenninu NORDIC CAMPERS ekki geta leitt til þess að villst verði á starfsemi hans og starfsemi Nordic Campers AS og Nordic Campers ehf. svo kærandi verði talinn hafa brotið gegn 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Verður hin kærða ákvörðun því felld úr gildi.

ÚRSKURÐARORÐ:

Hin kærða ákvörðun er felld úr gildi.

Halldóra Þorsteinsdóttir

Áslaug Árnadóttir

Gunnar Páll Baldvinsson